

**4. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu um beiðni Húnavetninga að sleppa við að gjalda alþingisskatt o. s. frv.<sup>1</sup>** 1854.  
16. maí.

Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hafði sent brjef frá nokkrum jarðeigendum og búandi mönnum í Húnavatnssýslu, sem kvarta yfir þeirri samþykkt alþingis, er gjörði ógilda kosningu varafulltrúa sýslunnar, og beiðast þess, að þeir sjeu undan þegnir að greiða þann hluta af alþingiskostnaðinum, sem kemur á sýsluna.

Innanríkisstjórnin svarar: að henni þyki ekki nein ástæða til að taka þessa beiðni þeirra til greina, þar eð álíta megi, að alþingið hafi haft vald til að skera úr því, hvort kosning varafulltrúans var rjett eða ekki.

**5. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins um tíundargjald af Viðey til Reykjavíkur dómkirkju.** 16. maí.

Yfirskoðendur hinna Íslenzku reikninga höfðu hreift því, hvort eigandi Viðeyjar, þar sem bænahús er, sje skyldur að greiða tíund til Reykjavíkur dómkirkju.

Stjórnin svarar: að ekki sjeu nægar ástæður til þess að leggja eiganda Viðeyjar á herðar að greiða tíund til dómkirkjunnar í Reykjavík, meðan að bænahús stendur í Viðey, sem haft er til opinberrar guðshjónustugjörðar.

**6. Opíð brjef um það, að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin lögildu kauptún.** 19. maí.

Vjer Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv. gjörum kunn-

<sup>1</sup>) Sbr. brjef 26. júní til amtmannsins í Norður og Austurumdæminu.